

11. gr.

47

Þegar lög þessi hafa öðlæzt staðfestingu, skal fella texta þeirra og 1. gr. laga nr. 23 1927 inn í meginmál laga nr. 56 1926, og gefa þau út svo breytt sem lög um notkun bifreiða. 8. sept.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

L Ö G

48

8. sept.

um

viðauka við lög um Landsbanka Íslands, nr. 10, 15. apríl 1928.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við c-lið 9. gr. komi:

Meðan bankinn nýtur undanþágu þeirrar, sem ræðir um í 64. gr., þarf þó eigi að telja til frádráttar lán bankans, er ræðir um í lögum nr. 10, 31. maí 1927, eða lán þau, er koma kunna í stað þessara lána.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til septemberloka 1936.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.